

3. stjórnarfundur Leiknar fimmtudaginn 15. september 2005 kl. 11:00

Haldinn hjá Framvegis, Síðumúla 6, Reykjavík.

Mætt: Birna Gunnlaugsdóttir, Guðjónína Sæmundsdóttir, Hulda Ólafsdóttir, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir og Smári Haraldsson. Emil Björnsson var með í gegnum Skype.

1. Fundargerðir 2. stjórnarfundar Leiknar var borin upp og samþykkt án athugasemda.

2. Niðurstöður styrkumsókna

Formaður greindi frá því að ekki hefðu fengist jákvæð svör við styrkumsóknum Leiknar til menntamálaráðuneytisins, Starfsmenntar, BSRB, Sjömenntar og Starfsafl, svar er ókomið frá Landsmennt. Fram kom að fyrir stofnun samtakanna hafði verið sótt umstyrk til Starfsmenntaráðs og honum hafnað.

Rætt var um höfnun menntamálaráðuneytisins á styrkveitingunni og samþykkt að óska eftir frekari skýringum á því og jafnframt eftir fundi með ráðherra. Þar yrðu mikilvægi samtakanna kynnt þ.á.m. samvinna þeirra við erlend samtöku. Dregið verði m.a. fram að aðildarfélögin séu öll “non-profit”, þ.e. hagnaður þeirra, ef einhver er rennur til frekari fræðslustarfsemi. Þeir stjórnarmeðlimir sem komast fari til ráðherra. Í framhaldi hans verði óskað eftir fjárhagsstuðningi.

Í framhaldi af þessari umræðu var Ingibjörgu falið að ræða við Mennt um að samtökin athugi möguleika Leiknar á erlendum styrkumsóknum.

3. Aðild að EAEA, sbr. athugasemdir við 7. lið fundargerðar Nordiskt generalsekreterarmöte, frá 18. maí 2005 og samþykktir á vorfundi Kvasis 2005.

Smári talaði fyrir því að sækja um aðild og að æskilegt væri að bréf frá Kvasir og Leikn séu aðskilin, þótt þau megi senda saman. Hann lagði fram bréf Kvasir um úrsögn (fskj. 1). Emil benti á að e.t.v. væri rétt að benda sérfræðingum í fullorðinsfræðsludeild menntamálaráðuneytisins á að Leikn muni verða hugsanlegur samstarfsaðili ráðuneytisins í erlendu samstarfi.

Fundurinn samþykkti umsókn um aðild að EAEA, þrátt fyrir knappan fjárhag en árgjaldið er um 80-100 þús. kr.

Næsti fundur EAEA-samtakanna verður 17.-20 nóvember nk. Rætt var að æskilegt væri að fulltrúi Leiknar færi og ætluðu fundarmenn að skoða möguleika sína á að fara, s.s. í tengslum við aðrar ferðir.

4. Samþykktir í 4. lið fundargerðar frá 2. stjórnarfundu.

Smári sagði frá fundi Nordisk generalsekreterarmöte 18. maí 2005 og lagði fram fundargerð hans (fskj. 2). Hann sagði að þar hefi verið mikill áhugi á auknu norrænu samstarfi. Farið var yfir sameiginlegar ráðstefnur og fundi framundan. Ákveðið var að vera í sambandi við NVL – fulltrúa á Íslandi hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vegna Nordisk – Baltisk Samradsnetverk. Þátttöku á

Nordisk demokratikonferense 2006 var vísað til athugunar hjá Mími – símenntun, en Mímir er að sækja um styrk til “demokrati” / lýðræðis-verkefnið ásamt Grænlandi og Færeyjum.

Önnur mál:

5. Demos-vekefnið var rætt og fram kom að það væri í eðlilegum farvegi hjá Sigrún Kristín Magnúsdóttir hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (sjá um það í fskj. 3)
6. NFiS samtökin. Hulda gerði grein fyrir þeim, en þau eru nú heildarsamtök sem koma í stað Norrænu fullorðinsfræðslusambandanna (gömlu pólitíku blokkanna) (Sjá fskj. 4)
7. Lógó Leiknar. Rætt var að unnar yrðu tillögur fyrir næsta fund og hugað að gerð einfaldrar vefsíðu í framhaldinu.
8. Rætt um reglur varðandi aðild að Leikn, s.s. að aðeins “non-profit” aðilar kæmu til greina og ekki skólar, a.m.k. fyrst um sinn. Rætt að umræðan um reglur um aðild þurf að halda áfram.
9. Smári drap á umræðuna um mikilvægi þess að fullorðnir um allt land hafi aðgang að námsráðgjöf, en fram kom að verkefni um það er í vinnslu hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og ASÍ. Málefnið var nokkuð rætt.

Fundi slitið kl. 12:20

Birna Gunnlaugsdóttir, ritaði fundargerð

Guðjónína Sæmundsdóttir, sign.

Hulda Ólafsdóttir, sign.

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, sign

Smári Haraldsson, sign

Verkefni framundan:

- Þrýsta á að fá fund með menntamálaráðherra þars sem Leikn verði kynnt sem mikilvæg hagsmunasamtök íslenskra fullorðinsfræðslu.
- Rætt verði við fulltrúa Menntar um að samtökin athugi möguleika Leiknar á erlendum styrkumsóknum.
- Aðildarumsókn Leiknar að EAEA.
- Þátttöku á Nordisk demokratikonferense 2006 var vísað til athugunar hjá Mími – símenntun.
- Framundan er að ræða um reglur varðandi aðild að Leikn.